



Samskiptastefna

Það er leiðarljós samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að vera til fyrirmyndar í upplýsingagjöf til samfélagsins og þjóna íbúum landsins af fagmennsku. Öflug upplýsingagjöf eflir ímynd og orðspor ráðuneytisins og Stjórnarráðsins alls.

Markmið ráðuneytisins um öfluga upplýsingagjöf eru þrjúþætt:

- Hafa frumkvæði að því að kynna framtíðarsýn og málaflokka ráðuneytisins með skýrum og skipulögðum hætti.
- Birta gögn að fyrra bragði í takt við stefnu um opna stjórnsýslu og gagnsæi.
- Veita svör við fyrirspurnum og álitamálum hratt og örugglega. Meginregla er að veita aðgengi að öllum mikilvægum upplýsingum og gögnum, sem ekki eru undanþegin í upplýsingalögum og/eða lögum um persónuvernd.

Samskiptastefnan tekur mið af gildum ráðuneytisins. Framtíðarsýn ráðuneytisins markar jafnframt kjarnann í upplýsingagjöf út á við:

„Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, framsækna þjónustu, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og jöfn tækifæri landsmanna. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.“

Hagsmunaaðilar

Meginhlutverk ráðuneytisins og stofnana þess er að þjóna almenningi og atvinnulífi og vinnur einnig náið með löggjafarvaldinu. Hagsmunaaðilar í samskiptamálum eru þessir helstir:

- Almenningur
- Fjölmíðlar
- Starfsfólk
- Alþingi
- Stofnanir og sveitarfélög
- Atvinnulíf og hagsmunaaðilar

Vefur ráðuneytisins

Almenningur getur nálgast upplýsingar, þjónustu og margvísleg gögn með auðveldum hætti á vef ráðuneytisins í samræmi við vefstefnu Stjórnarráðs Íslands. Á vefnum eru veittar áreiðanlegar upplýsingar um málefni ráðuneytisins og leitast við að setja þær fram á einföldu og skýru máli. Skýringarmyndir, lifandi efni og gröf eru notuð eftir því sem kostur er.

Fjölmíðlar

Upplýsingafulltrúi ráðuneytisins tekur við fyrirspurnum fjölmíðla og ber ábyrgð á að svara þeim í samstarfi við ráðuneytisstjóra, stjórnendur og aðstoðarmenn ráðherra. Ráðuneytið skal hafa frumkvæði að því að vekja athygli á málefnum og verkefnum ráðuneytis. Fyrirspurnum er svarað hratt og örugglega og í takt við upplýsingalög.



Innra kynningarstarf

Starfsfólk ráðuneytisins er vel upplýst um starfsemi þess og fær kynningu og upplýsingar um það sem er á döfinni hverju sinni. Starfsfólk fær kynningu áður en tilkynningar eru sendar fjölmiðlum þegar því er við komið. Á innri vef fer fram rík upplýsingagjöf og starfsfólk hvatt til að leggja fram efni.

Viðburðir, fundir og fyrirlestrar

Ráðuneytið skipuleggur fundi eða viðburði til að efla umræðu um einstaka málaflokka á eigin vegum eða í samstarfi við stofnanir ráðuneytisins. Íbúafundir eru haldnir með ráðherra og sérfræðingum um málaflokka sem varða framtíðarsýn og stærstu málaflokka. Úthlutanir á vegum ráðuneytis eða sjóða þess eru kynntar á sérstökum viðburðum þegar því er við komið.

Fólkið

Starfsfólk og sérfræðingar ráðuneytis taka þátt í faglegri umfjöllun um einstaka málaflokka og flytja fyrirlestra á fagráðstefnum og skrifa greinar í fagtímarit ef ástæða er til eða þess óskað.

Samfélagsmiðlar

Ráðuneytið veitir upplýsingar og þjónustu á samfélagsmiðlum eins og þörf krefur í samræmi við stefnu Stjórnarráðsins um samfélagsmiðla hverju sinni. Ráðuneytið heldur úti sjálfstæðri síðu á Facebook í því skyni að auka upplýsingastreymi til almennings og vekja athygli á málaflokkum þess. Á síðunni er veitt aðstoð við að finna upplýsingar eða réttan farveg með fyrirspurnir og álitamál.

Heildarásýnd

Kynningarefni og útgáfa á vegum ráðuneytisins hefur samræmda og sterka ásýnd í takt við heildarútlit stjórnarráðsins. Framsetning upplýsinga og gagna skal vera skýr og sjónræn með stuðningi af ljósmyndum og skýringarmyndum. Allt kynningarefni ráðuneytisins fellur undir samræmt útlit, þ.m.t. ársrit, skýrslur, minnisblöð, glærुकynningar, auglýsingar og sambærilegt efni.

Mikilvægt er að nýta upplýsingatækni í auknum mæli til að veita samfélaginu framúrskarandi þjónustu. Eitt af stóru verkefnum ráðuneytisins umfram almenna upplýsingagjöf er að þróa lifandi og gagnvirka upplýsingagátt fyrir málaflokka sína og stofnanir á vef ráðuneytisins.

Ábyrgð

Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á útgáfu samskiptastefnu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í umboði ráðherra. Upplýsingafulltrúi ráðuneytisins hefur umsjón með stefnumótun og framkvæmd kynningaráætlunar.

Reykjavík, 11. mars 2019

Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir
ráðuneytisstjóri